

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið  
Smiðju - Tjarnagötu 8  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. júní 2024

**Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (rekstraröryggi greiðslumiðlunar) 662 mál.**

Neytendasamtökin sendu inn umsagnir um málið á fyrri stigum, en í ljósi alvarlegra breytinga á frumvarpinu telja þau sig knúin til að senda inn viðbótarumsögn. Í breytingartillögu meiri hluta atvinnunefndar (þskj. 1731) framlagt þann 15. maí sl. er heimild Seðlabankans til að setja mörk af hálfu greiðsluþjónustuveitanda felld niður.

Ekki einungis er bönkunum þannig falið sjálfsveld um hversu háa arðsemi þeir ætla sér af þjónustuveitingunni, heldur gætu þeir með ofurverðlagningu í raun komið í veg fyrir að aðrar lausnir en þær sem þeim eru þóknanlegar verði að veruleika.

Bankar hafa mikla hagsmuni af því hvernig greiðslumiðlun þróast á Íslandi og þær lausnir sem hugnast bönkunum þurfa ekki endilega að vera þær sem gagnast hagsmunum almennings.

Neytendasamtökin leggjast því alfarið á móti þessari breytingartillögu og telja engin almannahagsmunarök hníga að því að fella brott þessa heimild Seðlabankans. Þvert á móti telja samtökin afar mikilvægt Seðlabankanum verði heimilað að setja bönkunum gjaldtökumörk eins og frumvarpið hljóðaði á fyrri stigum, og geti þannig stigið inn sé það nauðsynlegt.

Ítreka samtökin fyrri umsagnir sínar þar sem segir meðal annars að tryggja þurfi að innlend smágreiðslumiðlun verði ódýr og öllum aðgengileg.

Sem fyrr lýsa Neytendasamtökin sig reiðubúin að funda með nefndinni sé þess óskað.

F.h. Neytendasamtakanna

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Breki Karlsson'.

Breki Karlsson, formaður